

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Steinunni Þóru Árnadóttur um lagabreytingar vegna fullgildingar sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

1. *Hvaða lögum og reglugerðum hefur verið breytt svo að fullgilda megi sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eftir að „tafla yfir lög og reglugerðir sem varða samning SP um réttindi fatlaðs fólks“ var gefin út í apríl 2013?*

Ekki hefur verið ráðist í breytingar á lögum eða reglugerðum. Frumvarp til laga um breytta hugtakanotkun verður lagt fyrir Alþingi í haust en það frumvarp er nú í umsagnarferli á vef innanríkisráðuneytisins.

2. *Er unnið að undirbúningi annarra breytinga á regluverki svo fullgilda megi sáttmálann?*

Já, og sú vinna stendur yfir bæði á vegum innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis. Löggjöf er varðar málefna við annarra ráðuneyta telst í samræmi við ákvæði samningsins. Samkvæmt fyrirbyggjandi greiningu þarf að ráðast í lagabreytingar vegna 15 greina samningsins. Í samræmi við þingmálaskrá verður frumvarp til laga um breytta hugtakanotkun í löggjöf sem fyrr segir lagt fram á haustþingi 2014 en breytingar á lögræðislögum og breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga á vorþingi 2015.

Þá felur fyrirhugað frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um innleiðingu mismunatilskipana Evrópusambandsins í sér breytingar sem nauðsynlegar eru vegna fullgildingarinnar. Að auki er unnið að undirbúningi frumvarpa varðandi 23. gr. samningsins og hluta 33. gr. samningsins og samráðsferli vegna 13. gr. samningsins er að hefjast í samstarfi innanríkisráðuneytis og Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Áætlað er að birta endurskoðaða greiningu á heimasíðu verkefnisins ([www.irr.is/crpd](http://www.irr.is/crpd)) í lok október eftir að ráðuneyti og hagsmunaaðilar hafa yfirfarið hana.

3. *Hvenær er fyrirhugað að fullgilda sáttmálann?*

Samkvæmt verkefnaáætlunum ráðuneyta ættu öll frumvörp sem leggja þarf fram vegna fullgildingarinnar að koma fyrir Alþingi vorið 2015. Þegar lagabreytingar hafa átt sér stað þarf utanríkisráðherra að leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi um fullgildingu samningsins.

